

Fjölbrautaskóli Snæfellinga

Leiðbeiningar fyrir val á vorönn 2020

Kæru nemendur, nú er komið að því að velja áfanga fyrir næstu önn.

Allir staðnemendur sem ætla að stunda nám á vorönn 2020 þurfa að ganga frá vali í síðasta lagi föstudaginn 25. október.

Listi yfir þá áfanga sem eru í boði fylgir hér með en hann má einnig finna á heimasíðu skólans og í Innu.

Þið þurfið að skoða brautina ykkar mjög vel til að sjá hvaða áfanga þið þurfið að velja til að halda áfram á brautinni. Þið þurfið að gæta sérstaklega vel að undanfara hvers áfanga, að þið séuð búin með það sem þarf til að geta tekið áfangann sem ykkur langar í.

Nemendur á félags- og hugvísindabraut:

Þið sem eruð að fara yfir á annað ár þurfið að ákveða hvort þið ætlið að taka sögu,sálfræði, viðskiptagreinar eða félagsfræði sem sérhæfingu eða jafnvel öll.

Saga: SAGA2FR05 er forsenda þess að þið getið haldið upp á þriðja þrep.

Sálfræði: SÁLF2IN05 er forsenda þess að geta haldið áfram upp á þriðja þrep og sá áfangi er bara kenndur á haustin.

Félagsfræði: Til að geta farið í félagsfræði á þriðja þrepi þurfið þið að vera búin með FÉLA2KR05.

Viðskiptagreinar: Bókfærsla, hagfræði og markaðsfræði eru greinar sem falla hér undir.

Nemendur á náttúru- og raunvísindabraut:

Eins og á öðrum stúdentsbrautum þurfið þið að velja 25 einingar í sérhæfingu, bæði á öðru og þriðja þrepi og þið verðið að ákveða á öðru ári í hvaða tveimur fögum þið ætlið að sérhæfa ykkur í og taka fyrsta áfanga þeirra á haustönn ef mögulegt er. Athugið að stærðfræðin sem er í sérhæfingu brautar (STÆR2VH05, STÆR3DF05 og STÆR3HE05) er fyrir utan þessar 25 einingar á öðru og þriðja þrepi.

Til að skrá valið farið þið í INNU og smellið á „val“ sem er lengst til hægri á skjánum ykkar.

Þið veljið svo 20201-Vorönn, til að skrá valið ykkar.

Þá opnast listi með áföngum í boði og þið veljið með því að smella á nafn áfangans.

Áfangi	Heiti	Einingar	Þrep	Tímar á viku	Undanfarar
DANS1GR05	Danska	5	1	4	
EDLI3BR05	Bylgjur og rafræði	5	3	4	Já Q
EFNA2GE05	Gaslögmál og efnahvö.	5	2	4	Já Q
EFNA3LI05	Lifraen efnafraedi og ..	5	3	4	Já Q
ENSK2OL05	Enska 3	5	2	4	Já Q
ENSK2SG05	Enska 2	5	2	4	
ENSK3AC05	Akademiskur orðaforð.	5	3	4	Já Q
ENSK3OG05	Enska 4	5	3	4	Já Q
ENSK3OR05	Enska 5	5	3	4	Já Q
ENSS1RR03	Enska 4 á sérnámsbra.	3	1	2	
FÉLA2KR05	Kenningar og rannsókn.	5	2	4	Já Q
FÉLA3ST05	Stjórnmalafraedi	5	3	4	Já Q
HEIM2AH05	Almenn heimsspeki	5	2	4	Já Q
HHLST1LD04	Eg og lífið 4 á sérn.	4	1	3	Já Q
HHLST1LF04	Eg og lífið 6 á sérn.	4	1	3	Já Q
HHLST1LH04	Eg og lífið 8 á sérn.	4	1	3	Já Q
HÖNN1ST05	Hönnun og handverk -..	5	1	4	
INNÁ1IN05	Inngangur að náttúru..	5	1	4	
INNFI1F05	Inngangur að félagsv..	5	1	4	
ISJA2EJ05	Jarðfræði söguslóða ..	5	2	4	
ISLE2MB05	Íslenska	5	2	4	
ISLE2MG05	Íslenska	5	2	4	Já Q
ISLE2YL05	Yndislestur á öðru þ.	5	2	1	Já Q
ISLE3BF05	Bókmenntir fyrri ald..	5	3	4	Já Q
ISLE3BS05	Íslenska - bókmennti..	5	3	4	Já Q
ISLE3BU05	Mál- og menningarhel..	5	3	3	Já Q
ISLE3RN05	Nútimabókmenntir og ..	5	3	4	Já Q

Þegar þið eruð búin að velja þá áfanga sem þið viljið fara í, þá veljið þið að vista val.

Mikilvægt!

Þeir sem ekki skrá val í INNU fyrir 25. október
verða ekki skráðir í skólann á næstu önn.